

eigandi sveitarfélaga og að fenginni umsögn stjórna héraðssambanda ungmenna- og íþróttafélaga í sama landshluta.

Dátttaka ríkissjóðs í stofnbúnaði er miðuð við skólaafnot eingöngu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. maí 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

14. júní 1972.

Nr. 149.

REGLUGERÐ

um landsútsvör banka.

1. gr.

Landsútsvör greiða bankar, það er Seðlabankinn og viðskiptabankar. Undir hugtakið banki falla ekki sjóðir, sem starfa á vegum bankanna, og settir eru á stofn með löggjöf til þess að vinna að verkefni, sem ekki telst til bankastarfsemi.

2. gr.

Landsútsvar bankanna skal vera 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta næstliðið almanaksár.

3. gr.

Með heildarútlánsvöxtum er átt við vexti af hvers konar útlánnum bankanna í innlendum sem erlendum viðskiptum, án tillits til útlánsforma, hvort sem um er að ræða vexti af veittum lánnum, keyptum skuldaskjölum eða verðbréfum frá skuldara eða þriðja aðila, eða vexti af peningum bankanna í ávöxtun hérlendis, t. d. hjá Seðlabankanum, eða erlendis.

4. gr.

Bankabóknun, umsjónarlaun, lántökugjöld og aðrar hliðstæðar greiðslur, sem bankar taka samkvæmt lögum á grundvelli gjaldskrár bankanna eða samkvæmt hefð, teljast ekki til vaxta skv. 3. gr. Þó skal viðskiptagjald (nú 3%) af yfirdrætti á reikningslánnum og hlaupareikningum teljast með til útlánsvaxta skv. greininni.

Hvers konar afföll af skuldaskjölum, sem bankarnir reikna sér, teljast til útlánsvaxta, skv. 3. gr.

5. gr.

Undir heildarinnlánsvexti falla hvers konar vaxtagjöld, sem bankarnir inna af höndum fyrir fé, sem þeir fá til ráðstöfunar eða þeim berst, í hvaða formi sem er, í innlendum eða erlendum skiptum. Falla hér m. a. undir vaxtagjöld, sem bankarnir greiða til Seðlabankans eða til erlendra viðskiptamanna. Vexti af eigin fé ber þó ekki að telja til innlánsvaxta.

6. gr.

Við framtal og álagningu landsútsvarsins skal leggja heildarbókhald bankanna til grundvallar, en ekki miða við einstök útibú þeirra.

7. gr.

Að öðru leyti gilda almennar reglur um landsútsvör bankanna, skv. lögum og reglugerðum settum þar um.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8 22. marz 1972 um tekjustofna sveitarfélaga til að öðlast gildi þegar í stað og fer um álagningu landsútsvara 1972 samkvæmt ákvæðum hennar.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 150.

21. júní 1972.

REGLUGERÐ

um orlof.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Orlofsgreiðslur fara fram með tvennum hætti. Annars vegar fá fastir starfsmenn orlofslaun, þ. e. þeir fá greidd venjuleg laun meðan þeir eru í orlofi. Aðrir launþegar fá hins vegar greitt orlofsfé, sem nemur a. m. k. $8\frac{1}{3}\%$ af launum þeirra í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Eigi skal þó reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattskyldar hjá orlofsþega. Þetta ákvæði rýrir þó ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

II. KAFLI

Orlofsfé.

2. gr.

Í hvert skipti, sem laun eru greidd, skal launagreiðandi afhenda launþega launaseðil, er sýni fjárhæð launa og orlofsfjár. Ráðuneytið lætur gera eyðublað fyrir launaseðil til þæginda fyrir aðila.

Innan þriggja virkra daga frá útborgun vinnulauna skulu launagreiðendur greiða gjaldfallið orlofsfé, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, til næstu póststöðvar samkvæmt nánari fyrirmælum póst- og símamálastjórnar. Orlof sjómanna á fiskiskipum má þó inna af hendi þrisvar á ári, þar sem ákvæði eru í kjarasamningum um kauptryggingu og kauptryggingatímabil, eftir 15. maí, 15. september og í árslok. Greiðslunni skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði, sem ráðuneytið lætur gera í samráði við póst- og símamálastjórnina, eða á öðru því eyðublaði, sem samþykkt er af henni.

Eyðublöð, sem um ræðir í grein þessari, fá launagreiðendur afhent á póststöðvum.

3. gr.

Póststöðvar skulu gera grein fyrir innborguðu orlofsfé samkvæmt nánari reglum pósts og síma eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.